

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 45/98  
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum<sup>(1)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textílheiti<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/37/EB frá 19. júní 1997 um aðlögun að tækniframförum á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB um textílheiti<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 32, 3. 2. 1997, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 32, 3. 2. 1997, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 169, 27. 6. 1997, bls. 74.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við 4. lið (tilskipun ráðsins 75/36/EBE) í XI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4a. **396 L 0073**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum (Stjttíð. EB nr. L 32, 3. 2. 1997, bls. 7).
- 4b. **396 L 0074**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textílheiti (Stjttíð. EB nr. L 32, 3. 2. 1997, bls. 38), eins og henni var breytt með:
- **397 L 0037**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/37/EB frá 19. júní 1997 (Stjttíð. EB nr. L 169, 27. 6. 1997, bls. 74.”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana 96/73/EB, 96/74/EB og 97/37/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner